

Miðvikudaginn 16. október 1963.

Nr. 83/1963. **Ákærvaldið**

(Saksóknari ríkisins Valdimar Stefánsson)
gegn

Kristjáni Gústafssyni

(Guðjón Steingrímsson hrl.).

Dómenndur:

hæstaréttardómararnir Þórður Eyjólfsson, Árni Tryggvason og
Gizur Bergsteinsson og prófessorarnir Magnús Þ. Torfason og
Theodór B. Línadal.

Fiskveiðibrot.

Dómur Hæstaréttar.

Freymóður Þorsteinsson, bæjarfógeti í Vestmannaeyjum, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm ásamt samdómsmönnum Páli Þorbjarnarsyni og Þorsteini Jónssyni.

Af hálfu ákærða hefur þess verið krafizt fyrir Hæstaétti, að hinn áfrýjaði dómur verði ómerktur, sökum þess að héraðsdómari hafi ekki leiðbeint ákærða um skipun verjanda, sbr. einkum 2. tl. 2. málsg. 80. gr. laga nr. 82/1961. Þar sem ákvæði 3. mgr. 80. gr. áttu við um sök ákærða, þykir héraðsdómari ekki hafa haft slíka ástæðu til að leita um-sagnar ákærða um ráðningu verjanda, að ómerkja beri héraðsdóminn, þó að hann léti það undan falla, sbr. ákvæði 81. gr. nefndra laga.

Eftir uppsögu héraðsdóms hefur Jónas Sigurðsson, skóla-stjóri Stýrimannaskólans, markað á sjóupprátt stað v/b Sævalds, SU 2, samkvæmt mælingum leiguflugvélar Land-helgisgæzlunnar (TF-BAA) hinn 2. febrúar 1963, kl. 15.48. Reyndist staður bátsins „skemmst um 7.0“ sm innan 12 mílna markanna samkvæmt 1. gr. reglugerðar nr. 3/1961. Var staður bátsins á svæði, sem greinir í C-lið reglugerðar nr. 87/1958, sbr. lög nr. 44/1948 og 3. gr. reglugerðar nr. 3/1961, en þar eru botnvörpuveiðar bannaðar innan 12 mílna markanna á tímabilinu frá 1. janúar til 15. maí. Ákærði hefur borið það fyrir sig, að hann hafi talið sig vera á svæði,

sem um getur í 3. tl. (i v) í auglýsingu nr. 4/1961, en hvortveggja er, að skip hans var utan þess svæðis og að togveiðar eru þar aðeins leyfðar á tímabilinu marz til júlí.

Samkvæmt framansögðu hefur ákærði gerzt sekur við lagaákveði þau, sem í ákæruskjali greinir, og telst refsing hans hæfilega ákveðin í héraðsdómi, enda er gullgengi íslenzkrar krónu óbreytt, frá því að héraðsdómur gekk. Ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm að öðru leyti en því, að greiðslufrestur sektar ákveðst 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Ákærða ber að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 5000.00, og málflutningslaun verjanda, kr. 5000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður að öðru en því, að frestur til greiðslu sektar verði 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Ákærði, Kristján Gústafsson, greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 5000.00, og laun verjanda síns í Hæstarétti, Guðjóns Steingrímssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 5000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Vestmannaeyja 6. febrúar 1963.

Mál þetta, sem dómtekið var í dag, er af ákæruvaldsins hálfu með ákæruskjali, útg. af bæjarfógetanum í Vestmannaeyjum í dag, höfðað gegn Kristjáni Gústafssyni, skipstjóra á m.b. Sævaldi, SU 2, til heimilis að Höfða á Hornafirði, fyrir að hafa gerzt sekur um fiskveiðabrot samkvæmt 1. mgr. 1. gr. laga nr. 5/1920 um bann gegn botnvörpuveiðum, sbr. 1. gr. laga nr. 6/1959, með því að hafa verið á togveiðum á m.b. Sævaldi, SU 2, laugardaginn 2. febrúar s.l. um eftirmiðdaginn austur af Ingólfshöfða innan við fiskiveiðilandhelgi Íslands samkvæmt 1. gr. reglugerðar nr. 3/1961, sbr. reglugerð nr. 4/1961. Ákærast hann til refsingar samkvæmt 7. gr. reglugerðar nr. 3/1961, sbr.

3. gr. laga nr. 44/1948 og 1. gr. laga nr. 81/1952, sbr. 3. og 5. gr. laga nr. 5/1920 og 1. gr. laga nr. 5/1951 og til að sæta upptöku afla og veiðarfæra nefnds togbáts og til greiðslu sakarkostnaðar.

Ákærði, Kristján Gústafsson, er fæddur 12. maí 1921 á Djúpavogi, og hefur, svo kunnugt sé, sætt eftirfarandi kærur og refsingum:

1963 1/2 Dómur í Vestmannaeyjum, 20.000 kr. sekt í Landhelgisjórð og afli og veiðarfæri m.b. Sævalds, SU 2, ger upptæk fyrir brot gegn 1. sbr. 3. gr. laga nr. 5/1920.

Í skýrslu skipherrans á varðskipinu Óðni segir m. a. á þessa leið: „Laugardaginn 2. febrúar um kl. 1600, er varðskipið var stutt skammt vestur af Ingólfshöfða, kom orðsending frá leiguflugvél Landhelgisgæzlunnar um, að hún hefði staðsett m/b Sævald, SU 2, að meintum ólöglegum veiðum innan fiskveiðitakmarkanna austur af Ingólfshöfða. Var þegar sett á fulla ferð að bátinum og komið að honum kl. 1706.

Staðarákvörðun við bátinn:

Ingólfshöfðaviti r/v 270°, fjarlægð 7,4 sjóm., dýpi 89 metrar.

Kl. 1717 kom skipstjóri bátsins um borð, og var honum tilkynnt, að leiguflugvél Landhelgisgæzlunnar hefði staðið hann að meintum ólöglegum veiðum innan fiskveiðitakmarkanna á þessum slóðum. Viðurkenndi hann brot sitt þegar.

Skipstjóri áleit sig hafa verið í fiskveiðihólfinu austur af Ingólfshöfða, er hann hélt vera opið til botnvörpuveiða.

Honum var síðan tilkynnt að halda til Vestmannaeyja til frekari rannsóknar á máli hans.

Er komið var um borð í bátinn, lá varpan óbúlkuð á þilfari og enn fremur dálítið af flatfiski.

Veður: NV — 2, sjór — 1, léttskýjað.“

Skipherrann á Óðni svo og þriðji stýrimaður varðsupsins staðfestu skýrslu þessa fyrir réttinum.

Garðar Pálsson skipherra gaf einnig skýrslu, og segir þar svo: Laugardaginn 2. febrúar kl. 1300 lagði leiguflugvél (TF—BAA) á vegum Landhelgisgæzlunnar af stað frá Reykjavíkflugvelli. Flogið var yfir Hellisheiði og síðan austur með landi allt að Tvískerkjum.

Kl. 1547, er flugvélin var stödd vestan við Tvísker á heimleið, sást grunsamlegur bátur.

Kl. 1548 var gerð eftirfarandi staðarákvörðun yfir vélbátn-

um SU 2, sem hélt austlæga stefnu og togaði með stjórnbörðs-vörpu í sjó.

Ingólfshöfði, S kantur	> 75° 45'
Rákartindur	
Tvísker	> 32° 59'

Þetta gefur stað bátsins um 7.2 sjóm. innan 12 mílna markanna austan við Ingólfshöfða.

Kl. 1554 var gerð eftirfarandi staðarákvörðun yfir bátnum, sem var að hífa vörpuna inn:

Ingólfshöfðaviti	> 74° 30'
Rákartindur	
Tvísker	> 32° 51'

Þetta gefur stað bátsins um 7.2 sjóm. innan 12 mílna markanna.

Kl. 1555 innbyrðir báturinn netið.

Kl. 1557 er báturinn búinn að setja á ferð og heldur vestlæga stefnu. Flugvélin yfirgaf nú staðinn og hélt vestur með landi áleiðis til Reykjavíkur.

Kl. 1615 var haft samband við varðskipið Óðin, sem sagðist skyldu færa bátinn til hafnar.

Mælingar voru gerðar með sextöntum af Garðari Pálssyni skipherra og Birni Jónssyni stýrimanni, en Guðjón Jónsson flugstjóri ritaði athuganirnar niður.

Flughæð um 600 fet, flughraði um 90 sjómílar.

Veður: Vestan 15 hnútar, skýjað loft, gott skyggni.“

Garðar Pálsson skipherra svo og Björn Jónsson stýrimaður og Guðjón Benedikt Jónsson flugstjóri mættu allir í sakadómi Reykjavíkur á sunnudag og staðfestu allir skýrslu þessa með eiði.

Er ákærði mætti hér fyrir réttinum, véfengdi hann ekki skýrslur þessar að neinu leyti, hvorki skýrslu skipherrans á Óðni né skýrslu Garðars Pálssonar skipherra. Viðurkenndi hann að hafa verið að togveiðum á þeim stað, sem í skýrslum þessum greinir. Hins vegar kvaðst hann hafa haldið, að hann væri í hólfinu austur af Ingólfshöfða, er opnast fyrir Breta 1. marz, en þar kvaðst hann hafa haldið, að Íslendingar mættu fiska alveg eins og í hólfinu vestan við Ingólfshöfða. Hann hafði um borð brezkt sjókort, þar sem bæði hólfin voru sýnd og taldi hann sig hafa vitað, að Íslendingum væri heimilt að fiska í vestara hólfinu, og þar eð eystra hólfið var merkt á sama hátt á kortinu, dró

hann af því þá ályktun, að íslenzkum skipum væri þar einnig heimil veiði. Er komið var að honum, var bátur hans um 2 sjóm, vestan við eystra hólfið samkvæmt mælingum áhafnar flugvélarinnar. Þótti honum sennilegt eða lét sér koma til hugar, að straumar kynnu að hafa orðið þess valdandi, að athuganir hans sjálfs um stað bátsins reyndust ekki réttar.

Með játningu ákærða og ofangreindum framburðum starfsmanna Landhelgisgæzlunnar er sannað, að ákærði var að ólöglegum togveiðum innan fiskveiðitakmarkanna, og hefur þar með bakað sér refsingu samkvæmt tilvitnuðum lagaákvæðum.

Gullgengi íslenzkrar krónu er nú á þá leið, að 100 gullkrónur jafngilda 1951.09 seðlakrónum.

Samkvæmt skipaskrá er m.b. Sævaldur, SU 2, að stærð 53 rúmlestir brúttó.

Eins og áður segir, var ákærði dæmdur fyrir samskonar brot hinn 1. þ. m. Ber að hafa það í huga við ákvörðun refsingar hans, og þykir ekki heimilt að líta svo á, að misskilningur hans um hin friðlýstu svæði geti talizt afsakanlegur.

Samkvæmt tilvitnuðum lagaákvæðum þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin varðhald í tvo mánuði og ennfremur greiði hann kr. 20.000.00 í sekt í Landhelgissjóð Íslands, og komi sex vikna varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Allur afli og veiðarfæri um borð í m.b. Sævaldi, SU 2, og þar með taldir dragstrengir, skal gerður upptækur og renni andvirðið í Landhelgissjóð Íslands.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.

Dómsorð:

Ákærði, Kristján Gústafsson, sæti varðhaldi í 2 mánuði. Hann greiði einnig kr. 20.000.00 í sekt í Landhelgissjóð Íslands, og komi 6 vikna varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Allur afli og veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir um borð í m.b. Sævaldi, SU 2, eru gerð upptæk, og rennur andvirðið í Landhelgissjóð Íslands.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.